



FUNDARGERÐ SVEITARSTJÓRNAR

Miðvikudaginn 18. nóvember var fundur haldinn í sveitarstjórn Skagastrandar kl. 8:30 á skrifstofu sveitarfélagsins.

Á fundinn voru mætt: Halldór G. Ólafsson, Péturína L. Jakobsdóttir, Róbert Kristjánsson, Guðmundur Egill Erlendsson, Kristín Björk Leifsdóttir og Alexandra Jóhannesdóttir, sveitarstjóri.

Sara Diljá Hjálmarsdóttir og Guðrún Elsa Helgadóttir sátu fundinn undir fyrsta dagskrárlið.

Oddviti setti fundinn og stjórnaði honum. Sveitarstjóri ritaði fundargerð.

Dagskrá:

1. Skýrsla skólastjóra

Sara Diljá Hjálmarsdóttir skólastjóri og Guðrún Elsa Helgadóttir aðstoðarskólastjóri Höfðaskóla fóru yfir starfsemi skólans og starfsmannahald. Skýrsla var flutt munnlega og til kynningar.

2. Fjárhagsáætlun 2021-2024 (fyrri umræða)

Fyrir fundinum lá fjárhagsáætlun sveitarsjóðs og stofnana fyrir árin 2021-2024 til fyrri umræðu. Fjárhagsáætlun 2021 var annars vegar tekin til umræðu og hins vegar fjögurra ára áætlun 2021-2024. Sveitarstjóri fór yfir og gerði grein fyrir helstu niðurstöðum áætlunar. Sveitarstjórn ræddi áætlunina og fór yfir meginatriði hennar og áherslur. Samþykkt var að vísa framlagðri áætlun til annarrar umræðu.

3. Gjaldskrá 2021

Fyrir fundinum lágu drög að gjaldskrá sveitarfélagsins vegna 2021 sem sveitarstjóri kynnti. Sveitarstjórn ræddi gjaldskrá og vísaði henni til afgreiðslu næsta fundar.

4. Viðauki við fjárhagsáætlun 2020

Fyrir fundinum lá tillaga að viðauka við fjárhagsáætlun 2020. Annars vegar vegna rekstrar þar sem gert er ráð fyrir nettó útgjöldum að upphæð 36,8 m.kr. og hins vegar vegna nettó fjárfestinga að upphæð -3,0 m.kr. Gert er ráð fyrir að mæta niðurstöðu viðauka að upphæð 33,8 m.kr. með lækkun á handbæru fé. Helstu breytingar varðandi rekstur tengjast framlögum Jöfnunarsjóðs, snjósmokstri, grunnskóla, leikskóla, opnum svæðum, girðingum og rekstrarstyrk til Nes Listamiðstöðvar. Helstu breytingar varðandi fjárfestingar tengjast framkvæmdum við skóla og fyrirhuguðum framkvæmdum við Fellsborg, íþróttahús og sundlaug sem var frestað.



5. Sala eigna

Fyrir fundinum lá tillaga um að setja Suðurveg 28, fasteignanúmer F213902 á sölu. Var sveitarstjóra falið að auglýsa eignina og annast sölu hennar.

6. Persónuverndarmál

Fyrir fundinum lágu tilboð frá Sekretum, Pacta og Dattaca Labs vegna innleiðingar á persónuverndarlögum og þjónustu persónuverndarfulltrúa í áskrift fyrir sveitarfélagið. Sveitarstjóri kynnti fram komin tilboð og þær þjónustuleiðir sem standa til boða sem sveitarstjórn ræddi. Sveitarstjórn fól sveitarstjóra að ganga til samninga við Sekretum.

7. Skógrækt á Skagaströnd

Fyrir fundinum lá kostnaðaráætlun vegna sameiginlegs skógræktarverkefnis sveitarfélagsins og Skógræktarinnar. Áætlað er að ræktunaráætlun verði kláruð á næstu vikum þar sem fram kemur reitaskipting, undirbúningur lands fyrir gróðursetningu, tegundaval og plöntumagn. Sveitarstjórn ræddi verkefnið og fól sveitarstjóra að vinna áfram að því með skógræktinni en fyrirhugað er að framkvæmdir vegna verkefnis hefjist vorið 2021.

8. Ársreikningar 2019

- a) *Meningarfélagið Spákonuárfur*
Ársreikningur var til kynningar

9. Starfsmannamál – trúnaðarmál

Afgreiðsla sveitarstjórnar var bókuð í trúnaðarbók.

10. Bréf

a) Sambands íslenskra Sveitarfélaga dags. 8. október 2020

Fyrir fundinum lá erindi Sambands íslenskra sveitarfélaga þar sem forsendur fjárhagsáætlana vegna 2021-2024 eru kynntar. Erindið var til kynningar.

b) Björgunarsveitarinnar Strandar dags. 13. október 2020

Péturína Laufey lýsti sig vanhæfa til að fjalla um erindið og vék af fundi við afgreiðslu þess. Með erindinu óskar Björgunarsveitin Strönd eftir styrk frá sveitarfélaginu vegna kaupa á Land Cruiser bifreið sem sveitin festi nýverið kaup á. Sveitarstjórn ræddi erindið og samþykkti að veita sveitinni styrk að upphæð 1,5 m.kr. vegna kaupanna og vísaði afgreiðslu til fjárhagsáætlunargerðar 2021. Er Björgunarsveitinni þakkað óeigingjarnt starf í þágu samfélagsins.



c) Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytis dags. 15. október 2020

Með erindinu er tilkynnt að í ljósi þeirra efnahagsalegu aðstæðna sem skapast hafa vegna Covid-19 faraldursins séu miklar áskoranir við undirbúning og framsetningu fjárhagsáætlana og ljóst að ýmsar forsendur sem liggja að baki fjárhagsáætlunum sveitarfélaga muni koma seinna fram en áður. Í því ljósi hefur verið ákveðið að veita frest til allra sveitarfélaga vegna framlagningar og afgreiðslu fjárhagsáætlana sé þess óskað. Sveitarstjórn ræddi erindið en taldi ekki þörf á því að óska eftir fresti.

d) Ólafs Ingibjörnssonar dags. 15.10.2020

Með erindinu er óskað eftir því að samningur um leigu nytjaréttar af æðarvarpi á Skagaströnd verði endurnýjaður og gerðar breytingar á samningnum. Sveitarstjórn ræddi fram komið erindi og þær breytingatillögur sem lagðar eru fram af aðila. Sveitarstjórn fól sveitarstjóra að óska eftir frekari upplýsingum.

e) EBÍ dags. 15.10.2020

Með erindinu er tilkynnt um ágóðahlutagreiðslu vegna 2020. Hlutdeild sveitarfélagsins í Sameignarsjóði EBÍ er 0,73% og greiðsla ársins nemur kr. 511.000.- Málið var til kynningar.

f) Sambands íslenskra sveitarfélaga dags. 16. október 2020

Með erindinu er boðað til XXXV. Landsþings Sambands íslenskra sveitarfélaga þann 18. desember nk., en þingið verður haldið rafrænt. Oddviti og sveitarstjóri munu sitja þingið fyrir hönd sveitarfélagsins. Erindið var til kynningar.

g) Hjalta Reynissonar dags. 1. nóvember 2020

Með erindinu er reifuð hugmynd um græna orkuframleiðslu sem er með 0% Co2 mengun sem lagt er til að sveitarfélagið verði leiðandi aðili í að koma á laggirnar í samstarfi við önnur sveitarfélög og fjársterka aðila á Norðurlandi vestra. Sveitarstjórn tók vel í erindið og fól oddvita að bera erindið upp á vettvangi SSNV.

h) Lárusar Ægis Guðmundssonar dags. 2. nóvember 2020

Með erindinu er áréttað áður innsent erindi frá 25. febrúar 2019 varðandi fornleifakönnun í landi Spákonufells. Óskað er eftir því að við gerð fjárhagsáætlunar fyrir 2021 verði sett fjármagn í að ljúka forkönnun verkefnisins. Sveitarstjórn ræddi erindið en taldi ekki forsendur fyrir því að verða við því.



i) Stjórnar Spákonufellskirkjugarðs dags. 2. nóvember 2020

Með erindinu er leitast eftir því við sveitarstjórn að við fjárhagáætlunargerð verði gert ráð fyrir malbikun á bílaplani kirkjugarðs Hólaneskirkju. Sveitarstjórn ræddi erindið en taldi ekki forsendur fyrir því að verða við því.

j) Hafnasambands Íslands dags. 6. nóvember 2020

Með erindinu er boðað til rafræns Hafnasambandsþings þann 27. nóvember 2020. Var sveitarstjóra falið að mæta á þingið fyrir hönd sveitarfélagsins.

k) Stígamóta dags. 9. nóvember 2020

Með erindinu er óskað eftir fjárstuðningi og samstarfi um rekstur Stígamóta. Sveitarstjórn ræddi erindið en taldi ekki forsendur til þess að verða við erindinu.

l) Hrafnhildar Sigurðardóttur dags. 13. nóvember 2020

Með erindinu er óskað eftir styrk fyrir gerð viðskiptaáætlunar, könnunar og þarfagreiningar vegna húsnæðis fyrir óstofnað Listasafn kvenna á Skagaströnd. Sveitarstjórn ræddi erindið en taldi ekki forsendur til þess að verða við erindinu.

11. Fundargerðir

a) Fræðslunefndar dags. 25.05.2020

Fundargerð var til kynningar.

b) Stjórnar Norðurár dags. 28.09.2020

Fundargerð var til kynningar.

c) Stjórnar Norðurár dags. 29.10.2020

Fundargerð var til kynningar.

d) Stjórnar SSNV dags. 03.10.2020

Fundargerð var til kynningar.

e) Stjórnar SSNV dags. 06.10.2020

Fundargerð var til kynningar.

f) Stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga dags. 16.10.2020

Fundargerð var til kynningar.



g) Stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga dags. 30.10.2020

Fundargerð var til kynningar.

h) Stjórnar Hafnasambands Íslands dags. 19.10.2020

Fundargerð var til kynningar.

i) Skólanefndar FNV dags. 20.10.2020

Fundargerð var til kynningar.

j) Heilbrigðisnefndar Norðurlands vestra dags. 28.10.2020

Fundargerð var til kynningar.

k) Aðalfundar Samtaka sjávarútvegssveitarfélaga dags. 30.10.2020

Fundargerð var til kynningar.


12. Önnur mál

Ekki voru tekin fyrir mál undir þessum dagskrárlið.

Fleira ekki tekið fyrir fundi slitið kl. 13:10



Halldór G. Ólafsson


Róbert Kristjánsson


Kristín Björk Leifsdóttir


Péturína Laufey Jakobsdóttir


Guðmundur Egill Erlendsson


Alexandra Jóhannesdóttir

